

## 1707082 – Tölvupóstur til Íbúðalánasjóðs og svar frá Íbúðalánasjóði.

**From:** Hermann Jónasson [<mailto:hj@ils.is>]  
**Sent:** miðvikudagur, 5. júlí 2017 17:42  
**To:** Haraldur Líndal Haraldsson <[hlh@hafnarfjordur.is](mailto:hlh@hafnarfjordur.is)>  
**Cc:** 'elin.sigurgeirsdottir@vel.is' <[elin.sigurgeirsdottir@vel.is](mailto:elin.sigurgeirsdottir@vel.is)>; 'thorsteinnv@althingi.is' <[thorsteinnv@althingi.is](mailto:thorsteinnv@althingi.is)>; Rannveig Einarsdóttir <[rannveig@hafnarfjordur.is](mailto:rannveig@hafnarfjordur.is)>  
**Subject:** RE: Leiguíbúðir

Sæll ég hef móttekið erindið. Við munum fara yfir málið og upplýsa þig um stöðu mála.

Kv.  
Hermann

**From:** Haraldur Líndal Haraldsson [<mailto:hlh@hafnarfjordur.is>]  
**Sent:** 5. júlí 2017 13:34  
**To:** Hermann Jónasson <[hj@ils.is](mailto:hj@ils.is)>  
**Cc:** 'elin.sigurgeirsdottir@vel.is' <[elin.sigurgeirsdottir@vel.is](mailto:elin.sigurgeirsdottir@vel.is)>; 'thorsteinnv@althingi.is' <[thorsteinnv@althingi.is](mailto:thorsteinnv@althingi.is)>; Rannveig Einarsdóttir <[rannveig@hafnarfjordur.is](mailto:rannveig@hafnarfjordur.is)>  
**Subject:** Leiguíbúðir

Sæll Hermann,

Var að reyna að ná á þig í gær.

Undanfarna daga hefur heimsóknunum fólks til mín, sem er nánast á götunni eða er um það bil að missa húsnæðið, fjölgað verulega. Ég verð var við að þetta er ekki sami hópur og hefur leitað áður til bæjarins vegna vöntunar á húsnæði og hefur fallið undir þann hóp að geta sótt um félagslegt húsnæði. Það er að myndast hópur fólks sem getur hvorki keypt né leigt húsnæði bæði vegna þess að húsnæðisverð er orðið hátt og leigugjöld sömuleiðis. Eins er orðið mjög erfitt að fá leigt húsnæði vegna tímabundinnar umfram eftirspurnar. Um er að ræða fólk sem er með tekjur vel yfir því sem við höfum sett sem skilyrði fyrir möguleika á félagslegu húsnæði. Til mín er að koma fólk um og yfir sextugt sem er búíð að missa allt sitt og er nú í þeirri stöðu að þurfa að leita til barna sinna um næturgistingu. Fólk sem hefur ekki áður búíð við skort.

Síðustu daga hefur verið nokkuð um það að fólk leitar til okkar þar sem Íbúðalánasjóður er að segja upp leigusamningum eða er að láta bera út fólk vegna loka á leigusamningum. Hvort þetta kemur til vegna þess að Íbúðalánasjóður er að gera meira af því núna að segja upp leigusamningum veit ég ekki en meira er um það síðustu misseri að fólk er að leita til okkar vegna þess að það er að missa húsnæði sem það hefur haft á leigu hjá Íbúðalánasjóði. Í flestum tilfellum, eins og ég hef áður nefnt, er um að ræða fólk sem fellur ekki undir skilgreiningu okkar um félagslegt húsnæði hjá bænum.

Hafnarfjarðarbær á og rekur 230 félagslegar leiguíbúðir og leigir að auki 11 íbúðir sem eru endurleigðar, eða samtals 241 íbúð. Auk þessa voru keyptar til viðbótar þrjár íbúðir á s.l. ári og nú á þessu ári er gert ráð fyrir að kaupa 7 til 8 íbúðir. Nú þegar er búíð að kaupa þrjár íbúðir í ár. Eins og markaðurinn er í dag eru íbúðakaup ekki auðveld. Samþykkt hefur verið að verja a.m.k. 500 millj. kr. til kaupa á félagslegum íbúðum á næsta ári. Auk þess hefur Hafnarfjarðarbær gert samning við ASÍ um byggingu 150 leiguíbúða á næstu fjórum árum. Mun bærinn hafa forleigurétt á 25% af þessum íbúðum fyrir skjólstæðinga sína. Nú þegar er búíð að úthluta ASÍ lóðum fyrir 40 íbúðir. Einnig hefur bæjarráð falið undirrituðum að stofna sjálfeignafélag um rekstur 8-12 leiguíbúða. Hugmyndin er að

leigjendur sjálfir muni annast rekstur félagsins og hefur verkefnið það að markmiði að lækka leiguverð, draga úr yfirbyggingu og auka aðkomu og þátttöku íbúanna sjálfra. Gert er ráð fyrir að 90 m<sup>2</sup> leigist á innan við 160 þús. kr. á mánuði.

Búið er að úthluta lóðum í Skarðhlíð fyrir um 240 íbúðir, sem framkvæmdir munu hefjast við á næstunni. Nú eru í auglýsingu lóðir fyrir um 154 íbúðir. Síðar á árinu gerum við ráð fyrir að geta auglýst til viðbótar lóðir fyrir um 100 íbúðir. Samhliða er hafin vinna við gerð skipulags í Hamranesi þar sem gert er ráð fyrir 300-400 íbúðum. Auk þessa standa nú þegar yfir framkvæmdir við nokkur fjölbýlishús í Hafnarfirði sem verða tilbúin á næstu misserum. Af þessu má ljóst vera að á næstu misserum mun verða nokkur viðbót á framboði íbúða í Hafnarfirði þar með töldum leiguíbúðum.

Það er skoðun undirritaðs að margt hefði mátt gera öðruvísi varðandi afleiðingar af hruninu í íbúðamállum. Fram hefur komið að í kjölfari hrunsins hafi Íbúðalánasjóður yfirtekið um 3.500 íbúðir sem settar hafa verið í endursölu (hef fyrirvara á þessari tölu). Ef það er rétt er ljóst að töluverður fjöldi fjölskyldna hefur misst húsnæði sitt, hópur sem hefur að stórum hluta þurft að leita á leigumarkaðinn. Vegna þess ófremdarástands sem myndast hefur m.a. vegna þessa eru ríki og sveitarfélög samtals nú að leggja til 30% af stofnkostnaði við kaup eða byggingu leiguíbúða fyrir þetta sama fólk. Hefði komið til greina að nota þessa fjármuni til að lækka skuldir þessa fólks þannig að það hefði getað búið áfram í sínu eigin húsnæði. Það skal viðurkennt að oft er gott að koma með svona eftir á skýringar. Það er mat okkar hér í Hafnarfirði að nú hafi skapast ófremdarástand í húsnæðismálum en gera megí ráð fyrir að úr muni leysast a.m.k. að einhverju leyti innan þriggja til fjögurra ára.

Með vísan til framanritaðs er óskað eftir því að Íbúðalánasjóður dragi til baka allar uppsagnir á leiguíbúðum í eigu sjóðsins í Hafnarfirði og ekki er búið að selja. Þessar íbúðir verði ekki seldar a.m.k. næstu þrjú árin og staðan á markaðnum aftur metin þá með vísan til framanritaðs.

Ég leyfi mér að hafa ritara félags- og jafnréttismálaráðherra hér cc. með beiðni um að ráðherra fái þennan tölvupóst. Einnig er sviðsstjóri fjölskylduþjónustu hér cc.

Með kveðju/ best regards,

HARALDUR L. HARALDSSON  
BÆJARSTJÓRI / MAYOR

Strandgata 6 | 220 Hafnarfjörður | Sími 585 5501 | 664 5503 | [www.hafnarfjordur.is](http://www.hafnarfjordur.is)

